# Reginn hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
## 1. janúar til 31. mars 2016

Reginn hf.
Hagasmára 1
201 Kópavogur

kt. 630109-1080

# Efnisyfirlit


Bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ........ 3

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ........ 4

Efnahagsreikningur ........ 5

Eiginfjáryfirlit ........ 6

Sjóðstreymisyfirlit ........ 7

Skýringar ........ 8

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Starfsemi Regins hf. er fólgin í eignarhaldi, uppbyggingu, útleigu og rekstri á fasteignum undir atvinnustarfsemi, s.s. verslana og þjónustu, iðnaðar og skrifstofu, íþrótta og afþreyingastarfsemi. Ennfremur sala á þjónustu tengdri útleigu og fasteignarekstri s.s. ræstingar, húsvarsla, viðhald og almenn fasteignaumsjón.

Árshlutareikningur Regins hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2016 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Regins hf. og dótturfélaga. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Í mars samþykkti hluthafafundur félagsins hækkun hlutafjár um 126,6 millj. kr. að nafnverði á genginu 19 sem ráðstafað var til kaupa á öllu hlutafé í fasteignafélögunum Ósvör ehf. og CFV 1 ehf. Félögin eru hluti af samstæðu Regins hf. frá og með 1. mars 2016. Félagið keypti einnig allt hlutafé í fasteignafélögunum Þrekhöllinni ehf. og Vatnseyri ehf. sem eru hluti af samstæðu Regins hf. frá og með 1. mars 2016.

Hagnaður af rekstri félagsins á tímabilinu nam 750 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Heildareignir samstæðunnar námu 78.002 millj. kr. í lok tímabilsins samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé félagsins var 25.848 millj. kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 1.555 millj. kr. og var eiginfjárhlutfall félagsins 33% í lok mars.

Rekstrartekjur samstæðu Regins hf. námu 1.530 millj. kr. á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2016 samanborið við 1.242 millj. kr. fyrir sama tímabil á árinu 2015.

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir matsbreytingu á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2016 var 1.003 millj. kr. samanborið við 799 millj. kr. árið áður.

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og það er álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. mars 2016 og rekstrarafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2016.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Regins hf. hafa í dag rætt um árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2016 og staðfest hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 11. maí 2016.

Í stjórn félagsins:

Forstjóri:

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
# 1. janúar - 31. mars 2016

| | Skýr. | 2016<br>1.1.-31.3. | 2015<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | 1.530 | 1.242 |
| Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna | | ( 443) | ( 362) |
| | | 1.087 | 880 |
| Stjórnunarkostnaður | | ( 84) | ( 81) |
| Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu | | 1.003 | 799 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | | 517 | 333 |
| Rekstrarhagnaður | | 1.520 | 1.132 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | |
| Fjármunatekjur | | 13 | 13 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 596) | ( 427) |
| Hrein fjármagnsgjöld | 6 | ( 583) | ( 414) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 937 | 718 |
| Tekjuskattur | | ( 187) | ( 144) |
| **Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins** | | 750 | 574 |
| **Hagnaður á hlut:** | | | |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut | | 0,52 | 0,40 |

Skýringar á bls. 8 - 10 er óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Efnahagsreikningur 31. mars 2016

| | Skýr. | 31.3.2016 | 31.12.2015* |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Fjárfestingareignir | 7 | 76.378 | 63.949 |
| Eignir til eigin nota | | 95 | 80 |
| Fastafjármunir | | 76.473 | 64.029 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 659 | 1.872 |
| Handbært fé | | 870 | 708 |
| Veltufjármunir | | 1.529 | 2.580 |
| **Eignir samtals** | | 78.002 | 66.609 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 8 | 1.555 | 1.429 |
| Varasjóðir | | 11.788 | 9.080 |
| Óráðstafað eigið fé | | 12.505 | 11.755 |
| Eigið fé | | 25.848 | 22.264 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | | 45.301 | 37.600 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 4.286 | 4.062 |
| Langtímaskuldir | | 49.587 | 41.662 |
| Vaxtaberandi skuldir | | 1.361 | 1.874 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 1.206 | 809 |
| Skammtímaskuldir | | 2.567 | 2.683 |
| Skuldir samtals | | 52.154 | 44.345 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 78.002 | 66.609 |

* Framsetningu hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 4.

Skýringar á bls. 8 - 10 er óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar - 31. mars 2016

| | Hlutafé | Varasjóðir | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 31. mars 2015*** | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2015 ........................................................ | 1.429 | 9.080 | 7.379 | 17.888 |
| Heildarhagnaður tímabilsins ................................................ | | | 574 | 574 |
| Eigið fé 31. mars 2015 ........................................................ | 1.429 | 9.080 | 7.953 | 18.462 |
| | | | | |
| **1. janúar til 31. mars 2016*** | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2016 ........................................................ | 1.429 | 9.080 | 11.755 | 22.264 |
| Heildarhagnaður tímabilsins ................................................ | | | 750 | 750 |
| Hlutafjáraukning ................................................................. | 126 | 2.708 | | 2.834 |
| Eigið fé 31. mars 2016 ........................................................ | 1.555 | 11.788 | 12.505 | 25.848 |

* Framsetningu hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 4.

Skýringar á bls. 8 - 10 er óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar - 31. mars 2016

| | Skýr. | 2016<br>1.1.-31.3. | 2015<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 750 | 574 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir eigna til eigin nota | | 5 | 0 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | | ( 517) | ( 333) |
| Hrein fjármagnsgjöld | | 583 | 414 |
| Tekjuskattur | | 187 | 144 |
| | | 1.008 | 799 |
| Breyting á rekstartengdum eignum | | 134 | ( 18) |
| Breyting á rekstrartengdum skuldum | | 89 | 90 |
| Handbært fé frá rekstri fyrir vexti | | 1.231 | 871 |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 13 | 13 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 465) | ( 375) |
| Handbært fé frá rekstri | | 779 | 509 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í fjárfestingareignum | 7 | ( 1.032) | ( 211) |
| Söluverð fjárfestingareigna | 7 | 1 | 427 |
| Fjárfesting í eignum til eigin nota | | ( 30) | 0 |
| Söluverð eigna til eigin nota | | 10 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur, breyting | | 1.389 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 338 | 216 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir, breyting | | ( 671) | ( 445) |
| Afborganir vaxtaberandi langtímaskulda | | ( 284) | ( 231) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 955) | ( 676) |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 162 | 49 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 708 | 647 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 870 | 696 |

| **Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa** | | | |
|---|---|---|---|
| Fjárfesting í fjárfestingareignum | | ( 10.899) | 0 |
| Yfirteknar aðrar eignir við kaup á félögum | | ( 99) | 0 |
| Yfirteknar skuldir við kaup á félögum | | 8.304 | 0 |
| Hlutafjáraukning | | 2.834 | 0 |
| Ógreitt kaupverð fjárfestingareigna | | 11 | 0 |
| Ógreitt söluverð fjárfestingareigna | | ( 18) | ( 90) |
| Söluverð fjárfestingareigna | | 18 | 90 |

Skýringar á bls. 8 - 10 er óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Reginn hf., "félagið", er með aðsetur að Hagasmára 1 í Kópavogi. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2016 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga".

Félagið er almenningshlutafélag og skráð í Kauphöll Íslands (NASDAQ OMX Iceland).

## 2. Grundvöllur reikningskilanna

***Yfirlýsing um samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla***

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS) um árshlutareikninga, IAS 34, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2015.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn með undirritun sinni þann 11. maí 2016.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðgerðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2015. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.reginn.is.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að fjárfestingareignir samstæðunnar eru metnar á gangvirði.

Mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda er óverulegur.

## 4. Breytt framsetning

Félagið hefur breytt framsetningu á eigin fé á þann veg að matsbreyting fjárfestingareigna er nú færð á óráðstafað eigið fé þar sem í rekstrarreikningi er ekki gerður greinarmunur á afkomu vegna matsbreytinga fjárfestingareigna og annarri afkomu.

## 5. Mat stjórnenda í reikningsskilum

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugnar þessu mati.

## 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | **2016**<br>**1.1.-31.3.** | **2015**<br>**1.1.-31.3.** |
|---|---:|---:|
| Vaxtatekjur | 13 | 13 |
| Vaxtagjöld | ( 453) | ( 353) |
| Verðbætur | ( 143) | ( 74) |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 596) | ( 427) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 583) | ( 414) |

## 7. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir samstæðurnnar eru metnar á gangvirði á reikningsskiladegi í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 40 Fjárfestingareignir* og alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IFRS 13 Mat á gangvirði*. Allar fjárfestingareignir samstæðunnar falla undir 3. stig í flokkunarkerfi gangvirðismats og eru metnar sem slíkar. Við mat á fjárfestingareignum er stuðst við núvirt framtíðar sjóðsflæði einstakra eigna. Mat á fjárfestingareignum er unnið af starfsmönnum móðurfélagsins. Beitt er sömu aðferðafræði við matið og í ársreikningi fyrir árið 2015.

Við ákvörðun á gangvirði fjárfestingareigna er byggt á forsendum sem háðar eru mati stjórnenda á þróun ýmissa þátta í framtíðinni. Raunverulegt gangvirði kann að vera frábrugðið þessu mati.

Fjárfestingareignir greinast þannig:

| | 2016<br>1.1.-31.3. | 2015<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | |
| Staða 1. janúar | 54.680 | 47.453 |
| Fjárfesting á tímabilinu | 11.931 | 211 |
| Selt á tímabilinu | ( 19) | ( 406) |
| Staða 31. mars | 66.592 | 47.258 |
| **Matsbreyting** | | |
| Staða 1. janúar | 9.269 | 6.184 |
| Matsbreyting tímabilsins | 517 | 333 |
| Selt á tímabilinu | 0 | ( 111) |
| Staða 31. mars | 9.786 | 6.406 |
| Bókfært verð 31. mars | 76.378 | 53.664 |

## 8. Eigið fé

Heildar útgefið hlutafé nemur 1.555 millj. kr. Í lok mars gaf félagið út hlutafé að nafnverði 126,6 millj. kr. vegna kaupa félagsins á fasteignafélögunum Ósvör ehf. og CFV 1 ehf.

## 9. Ársfjórðungayfirlit

| | 1F 2016 | 4F 2015 | 3F 2015 | 2F 2015 | 1F 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| Leigutekjur | 1.391 | 1.378 | 1.281 | 1.231 | 1.107 |
| Tekjur vegna rekstrar í fasteignum | 139 | 139 | 136 | 138 | 135 |
| Rekstrartekjur | 1.530 | 1.517 | 1.417 | 1.369 | 1.242 |
| Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna | ( 302) | ( 256) | ( 265) | ( 238) | ( 218) |
| Rekstur í fasteignum | ( 141) | ( 192) | ( 139) | ( 150) | ( 144) |
| Stjórnunarkostnaður | ( 84) | ( 89) | ( 73) | ( 75) | ( 81) |
| Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu | 1.003 | 980 | 940 | 906 | 799 |
| Matsbreyting fjárfestingareigna | 517 | 1.922 | 545 | 705 | 333 |
| Söluhagnaður fjárfestingareigna | 0 | 74 | 67 | 9 | 0 |
| Rekstrarhagnaður | 1.520 | 2.976 | 1.552 | 1.620 | 1.132 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | | |
| Fjármunatekjur | 13 | 15 | 8 | 7 | 13 |
| Fjármagnsgjöld | ( 596) | ( 204) | ( 745) | ( 827) | ( 427) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 583) | ( 189) | ( 737) | ( 820) | ( 414) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 937 | 2.787 | 815 | 800 | 718 |
| Tekjuskattur | ( 187) | ( 277) | ( 163) | ( 160) | ( 144) |
| **Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins** | 750 | 2.510 | 652 | 640 | 574 |